

ISSN 1670-5556

Vífill Karlsson

Hagvísir Vesturlands

Fjármál sveitarfélaga: Kostnaður eftir málaflokkum

Skýrsla nr. 1 2021

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi



EFNISYFIRLIT

Myndir.....	1
Töflur.....	2
1 Samandregnar niðurstöður.....	3
2 Inngangur.....	5
3 Aðferð og gögn.....	6
3.1 Heildar- og meðalkostnaður og hagsveiflan.....	7
3.2 Fráviksgreining málaflokka.....	7
3.3 Viðmiðunarsveitarfélögin.....	8
4 Um kostnað sveitarfélaga.....	10
4.1 Heildarkostnaður sveitarfélaga eftir stærðarflokkum.....	10
4.2 Kostnaður við einstaka málaflokka sveitarfélaga.....	12
5 Greining.....	14
5.1 Heildarkostnaður sveitarfélaga fyrir og í Covid 19.....	14
5.2 Akraneskaupstaður.....	17
5.3 Hvalfjarðarsveit.....	19
5.4 Borgarbyggð.....	21
5.5 Eyja- og Miklaholtshreppur.....	23
5.6 Grundarfjarðarbær.....	25
5.7 Helgafellssveit.....	27
5.8 Stykkishólmsbær.....	29
5.9 Snæfellsbær.....	31
5.10 Dalabyggð.....	33
6 Viðauki.....	35
6.1 Vægi málaflokka í meðalkostnaði sveitarfélaga.....	35
6.2 Kostnaðarfrávik sveitarfélaga 2019.....	40
6.3 Önnur viðmiðunarsveitarfélög.....	45

MYNDIR

Mynd 1: Heildarkostnaður sveitarfélaga árið 2020 án Reykjavíkur.....	10
Mynd 2: Heildarkostnaður fámennra og fjölmennra sveitarfélaga án Reykjavíkur árið 2020.	11
Mynd 3: Kostnaður sveitarfélaga eftir málaflokkum, hlutfallsleg skipting hans 2020	12
Mynd 4: Meðalkostnaður allra sveitarfélaga eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.	13
Mynd 5: Heildarkostnaður Hvalfjarðarsveitar og Grundarfjarðarbæjar og VLF árin 2004-2020.....	14
Mynd 6: Heildarkostnaður sveitarfélaga og ríkissjóðs árin 1998-2020.	15
Mynd 7: Meðalkostnaður Akraneskaupstaðar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.	17
Mynd 8: Kostnaðarfrávik Akraneskaupstaðar eftir málaflokkum 2020.	18
Mynd 9: Kostnaðarfrávik Akraneskaupstaðar eftir málaflokkum 2015-2020.....	18
Mynd 10: Meðalkostnaður Hvalfjarðarsveitar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.....	19
Mynd 11: Kostnaðarfrávik Hvalfjarðarsveitar eftir málaflokkum 2020.	20
Mynd 12: Kostnaðarfrávik Hvalfjarðarsveitar eftir málaflokkum 2015-2020.	20
Mynd 13: Meðalkostnaður Borgarbyggðar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.....	21
Mynd 14: Kostnaðarfrávik Borgarbyggðar eftir málaflokkum 2020.	22
Mynd 15: Kostnaðarfrávik Borgarbyggðar eftir málaflokkum 2015-2020.	22
Mynd 16: Meðalkostnaður Eyja- og Miklaholtshrepps eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017- 2019.....	23
Mynd 17: Kostnaðarfrávik Eyja- og Miklaholtshrepps eftir málaflokkum 2020.	24
Mynd 18: Kostnaðarfrávik Eyja- og Miklaholtshrepps eftir málaflokkum 2015-2020.....	24
Mynd 19: Meðalkostnaður Grundarfjarðarbæjar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019. .	25
Mynd 20: Kostnaðarfrávik Grundarfjarðarbæjar eftir málaflokkum 2020.....	26
Mynd 21: Kostnaðarfrávik Grundarfjarðarbæjar eftir málaflokkum 2015-2020.	26
Mynd 22: Meðalkostnaður Helgafellssveitar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.....	27
Mynd 23: Kostnaðarfrávik Helgafellssveitar eftir málaflokkum 2020.	28
Mynd 24: Kostnaðarfrávik Helgafellssveitar eftir málaflokkum 2015-2020.	28
Mynd 25: Meðalkostnaður Stykkishólmsbæjar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019. ...	29
Mynd 26: Kostnaðarfrávik Stykkishólmsbæjar eftir málaflokkum 2020.	30
Mynd 27: Kostnaðarfrávik Stykkishólmsbæjar eftir málaflokkum 2015-2020.....	30
Mynd 28: Meðalkostnaður Snæfellsbæjar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.	31
Mynd 29: Kostnaðarfrávik Snæfellsbæjar eftir málaflokkum 2020.	32
Mynd 30: Kostnaðarfrávik Snæfellsbæjar eftir málaflokkum 2015-2020.....	32
Mynd 31: Meðalkostnaður Dalabyggðar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.	33
Mynd 32: Kostnaðarfrávik Dalabyggðar eftir málaflokkum 2020.	34
Mynd 33: Kostnaðarfrávik Dalabyggðar eftir málaflokkum 2015-2020.....	34

Mynd 34: Vægi málaflókka í meðalkostnaði Akraneskaupstaðar 2020	35
Mynd 35: Vægi málaflókka í meðalkostnaði Hvalfjarðarsveitar 2020	35
Mynd 36: Vægi málaflókka í meðalkostnaði Skorradalshrepps 2020.....	36
Mynd 37: Vægi málaflókka í meðalkostnaði Borgarbyggðar 2020	36
Mynd 38: Vægi málaflókka í meðalkostnaði Eyja- og Miklaholtshrepps 2020.....	37
Mynd 39: Vægi málaflókka í meðalkostnaði Grundarfjarðarbæjar 2020.....	37
Mynd 40: Vægi málaflókka í meðalkostnaði Helgafellssveitar 2020	38
Mynd 41: Vægi málaflókka í meðalkostnaði Stykkishólmsbæjar 2020.....	38
Mynd 42: Vægi málaflókka í meðalkostnaði Snæfellsbæjar 2020.....	39
Mynd 43: Vægi málaflókka í meðalkostnaði Dalabyggðar 2020.....	39
Mynd 44: Kostnaðarfrávik Akraneskaupstaðar eftir málaflökkum 2019.....	40
Mynd 45: Kostnaðarfrávik Hvalfjarðarsveitar eftir málaflökkum 2019.	40
Mynd 46: Kostnaðarfrávik Borgarbyggðar eftir málaflökkum 2019.	41
Mynd 47: Kostnaðarfrávik Eyja- og Miklaholtshrepps eftir málaflökkum 2019.....	41
Mynd 48: Kostnaðarfrávik Grundarfjarðarbæjar eftir málaflökkum 2019.....	42
Mynd 49: Kostnaðarfrávik Helgafellssveitar eftir málaflökkum 2019.	42
Mynd 50: Kostnaðarfrávik Stykkishólmsbæjar eftir málaflökkum 2019.....	43
Mynd 51: Kostnaðarfrávik Snæfellsbæjar eftir málaflökkum 2019.....	43
Mynd 52: Kostnaðarfrávik Dalabyggðar eftir málaflökkum 2019.....	44

TÖFLUR

Tafla 1: Viðmiðunarsveitarfélög 2018.	8
Tafla 2: Viðmiðunarsveitarfélög 2021.	9
Tafla 3: Heildarkostnaður sveitarfélaga tvö ár fyrir Covid og á meðan faraldurinn stóð ásamt teygni. 14	
Tafla 4: Meðalkostnaður sveitarfélaga tvö ár fyrir Covid og á meðan faraldurinn stóð ásamt teygni. . 15	
Tafla 5: Viðmiðunarsveitarfélög þegar útsvarstekjur þeirra eru til skoðunar.....	45
Tafla 6: Nokkur sveitarfélög þar sem óvenju verðmætar fasteignir er að finna.	46

1 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

Hér verða niðurstöður dregnar saman í mjög stuttu máli.

Öll sveitarfélög

- Heildarkostnaður allra sveitarfélaga á landinu samanlagður hækkaði um 13% að raungildi árið 2020 þegar hann var borinn saman við meðaltal árunna 2017-2019.
- Meðalkostnaður allra sveitarfélaga hækkaði um 9% að raungildi árið 2020 í samanburði við meðaltal árunna 2017-2019.
- Meðalkostnaður íslenskra sveitarfélaga jókst að raungildi í öllum málaflokkum árið 2020 borið saman við árin 2017-2019 (Mynd 4). Hlutfallslega mest 43% í umhverfismálum, þá 26% í atvinnumálum og 20% í félagsþjónustu. Minnst tæplega 1/2% í heilbrigðismálum, 1% í menningarmálum og 5% í umferðar- og samgöngumálum og sameiginlegum kostnaði.

Akraneskaupstaður

- Meðalkostnaður Akranesskaupstaðar jókst um 8% árið 2020 (Tafla 4), hlutfallslega mest í atvinnumálum og umhverfismálum en lækkaði í skipulags- og menningarmálum (Mynd 7). Akranesskaupstaður ber lægri kostnað við rekstur allra sinna málaflokka nema félagsþjónustu en sambærileg sveitarfélög (Mynd 8 og Mynd 9).

Hvalfjarðarsveit

- Meðalkostnaður Hvalfjarðarsveitar breyttist ekkert árið 2020 (Tafla 4). Þegar þróunin var brotin upp milli málaflokka kom í ljós að meðalkostnaður jókst hlutfallslega mest í æskulýðs- og íþróttamálum en lækkaði mest í umferðar- og samgöngumálum (Mynd 10). Athygli vakti að hann lækkaði líka mikið í fræðslu- og uppeldismálum. Í samanburði við önnur sveitarfélög er meðalkostnaður hærri í sjö málaflokkum, hlutfallslega mest í skipulags- og byggingamálum (Mynd 12). Hann var lægri í fimm málaflokkum, hlutfallslega mest í heilbrigðismálum.

Borgarbyggð

- Meðalkostnaður Borgarbyggðar hækkaði um 7% árið 2020 (Tafla 4). Hann hækkaði í öllum málaflokkum nema félagsþjónustu þar sem hann lækkaði um 10%, hlutfallslega mest í hreinlætismálum (Mynd 13). Borgarbyggð virðist ná að reka flesta sína málaflokka með lægri tilkostnaði en önnur sambærileg sveitarfélög (Mynd 14 og Mynd 15). Aðeins skipulags- og byggingarmál ásamt fræðslu og uppeldismálum eru rekin með hærri tilkostnaði og munar þar þó nokkru.

Eyja- og Miklaholtshreppur

- Í Eyja- og Miklaholtshreppi hækkaði meðalkostnaður um 11% árið 2020 (Tafla 4). Hann hækkaði í sex málaflokkum og mest í skipulags- og byggingarmálum (Mynd 16). Hann lækkaði hins vegar í fimm málaflokkum og mest í atvinnumálum. Í samanburði við önnur sveitarfélög er kostnaður flestra málaflokka lægri hjá Eyja- og Miklaholtshreppi, hlutfallslega mest í æskulýðs- og íþróttamálum (Mynd 18). Í tveimur málaflokkum er kostnaður hærri, hlutfallslega mest í fræðslu- og uppeldismálum. Það frávik hefur færst verulega í aukana (Mynd 17).

Grundarfjarðarbær

- Meðalkostnaður Grundarfjarðarbæjar hækkaði um 8% árið 2020 (Tafla 4). Hann hækkaði í flestum málaflokkum og hlutfallslega mest í atvinnu-, menningar- og skipulagsmálum (Mynd 19). Þegar Grundarfjarðarbær var borinn saman við sambærileg sveitarfélög kom í ljós að meðalkostnaður hans var lægri í flestum málaflokkum (Mynd 21). Í þremur málaflokkum var kostnaður hærri, hlutfallslega mest í umferðar- og samgöngumálum.

Helgafellssveit

- Í Helgafellssveit hækkaði meðalkostnaður um 2% árið 2020 (Tafla 4) og í fimm málaflokkum (Mynd 22). Lang mest hækkaði hann hlutfallslega í skipulags- og byggingarmálum. Hann lækkaði í fimm málaflokkum, hlutfallslega mest í brunamálum, félagsþjónustu og æskulýðs og íþróttamálum. Samanburður við sambærileg sveitarfélög leiddi í ljós að flestir málaflokkar hreppsins bera hlutfallslega mikið lægri meðalkostnað (Mynd 24). Tveir þeirra eru hlutfallslega hæstir, fræðslu- og æskulýðsmál.

Stykkishólmsbær

- Meðalkostnaður lækkaði um 3% í Stykkishólmi árið 2020 (Tafla 4) í fimm málaflokkum (Mynd 25). Mest lækkaði hann hlutfallslega í sameiginlegum kostnaði og félagsþjónustu. Hann hækkaði í sjö málaflokkum og hlutfallslega mest í skipulags- og byggingarmálum. Stykkishólmsbær hefur rekið sjö málaflokka með lægri meðalkostnaði en önnur sambærileg sveitarfélög og hlutfallslega mestur var munurinn í heilbrigðismálum og skipulagsmálum (Mynd 27). Af þeim málaflokkum sem Stykkishólmsbær rak með hærri tilkostnaði í þessum samanburði voru æskulýðs- og íþróttamál hlutfallslega hæst.

Snæfellsbær

- Í Snæfellsbæ hækkaði meðalkostnaður um 5% árið 2020 (Tafla 4). Hann hækkaði í sex málaflokkum (Mynd 28). Hann hækkaði hlutfallslega lang mest í umhverfismálum. Meðalkostnaður lækkaði í fimm málaflokkum og hlutfallslega mest í atvinnu-, umferðar- og skipulagsmálum. Samanburður við sambærileg sveitarfélög leiddi í ljós að flestir málaflokkar sveitarfélagsins bera hlutfallslega mikið lægri meðalkostnað (Mynd 30). Þar munar mest um heilbrigðis- og umferðarmál.

Dalabyggð

- Meðalkostnaður hækkaði um 10% í Dalabyggð árið 2020 (Tafla 4). Hækkunin var í sjö málaflokkum (Mynd 31). Mest hækkaði hann hlutfallslega í hreinlætis- og skipulagsmálum. Hann lækkaði í fjórum málaflokkum og hlutfallslega mest í félagsþjónustu og umhverfismálum. Dalabyggð hefur rekið átta málaflokka með hærri meðalkostnaði en önnur sambærileg sveitarfélög og hlutfallslega var munurinn mestur umhverfis- og skipulagsmálum (Mynd 33). Af þeim málaflokkum sem Dalabyggð rak með lægri tilkostnaði í þessum samanburði voru heilbrigðismál hlutfallslega lægst.

2 INNGANGUR

Rekstur sveitarfélaga getur verið snúinn og þar eru ýmsar áskoranir. Í kreppum dragast tekjur þeirra saman á meðan sum verkefni verða dýrari en fá ódýrari. Í góðæri aukast tekjur en einnig viljinn til að greiða niður skuldir frá samdráttarskeiðum eða ráðast í framkvæmdir sem setið hafa á hakanum.

Nú er kreppa vegna Covid en komið hefur fram að hún hefur misjöfn áhrif á fjárhag einstaklinga og sveitarfélaga og hefur vægi ferðaþjónustu í tekjum þeirra mikið um það að segja. Þess má einnig geta að heilt yfir hefur fjárhagur sveitarfélaga ekki verið leikinn eins hart og sumir óttuðust. Tekjur þeirra jukust að raungildi um 5% (2% að raungildi) á milli árána 2019 og 2020 á meðan þær drógust saman um 5% (7% að raungildi) hjá ríkissjóði til samanburðar samkvæmt tölum Hagstofu Íslands (hagstofa.is). Heildarkostnaður sveitarfélaga hefur hins vegar líka aukist á milli þessara ára eða um 8% (5% að raungildi) en 13% hjá ríkissjóði (10% að raungildi). Bæði sveitarfélög og ríki hafa líka verið hvött til að slá í klárinn í stað þess að draga saman seglin til þess að draga úr neikvæðum skammtímaáhrifum kreppunnar rétt eins og hagfræðingurinn John Maynard Keynes lagði til fyrir Bandaríkin í kreppunni miklu. Á þessu sést m.a. að þróun fjármála sveitarfélaganna getur verið mjög óhagfelld á samdráttar eða kreppuskeiðum þar sem tekjurnar ná ekki að mæta kostnaði. Það sama á reyndar við um ríkissjóð og virðist þróunin þar vera mun verri á milli árána 2019 og 2020. Hins vegar verður að skoða einstök sveitarfélög eins og áður sagði og það verður gert hér fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi þar sem lögð verður áhersla á kostnað þeirra.

Í þessum Hagvísi verður þróun kostnaðar eftir málaflokkum í vestlenskum sveitarfélögum skoðuð á milli árána 2020 í samanburði við 2017-2019. Kostnaði sveitarféaga er skipt upp í 12 málaflokka og verður kostnaður þeirra eftir málaflokkum borinn saman við viðmiðunarsveitarfélög. Fyrst fyrir árið 2020 og síðan tímabilið 2016-2020.

3 AÐFERÐ OG GÖGN

Greiningunni er skipt upp í átta eftirfarandi liði:

1. Fyrst verður skoðað hvernig heildarkostnaður einstakra sveitarfélaga á Vesturlandi breyttist fyrsta heila árið með Covid-19 og kreppunni sem því fylgdi og það borið saman við þrjú undangengin ár (2017-2019).
2. Í kjölfarið verður skoðað hvernig heildarkostnaður einstakra sveitarfélaga á Vesturlandi hefur þróast eftir hagsveiflunni hérlandis á 21. öldinni. Það verður gert með því að meta teygni-
stuðulinn á milli hagsveiflunnar og heildarkostnaðar.
3. Meðalkostnaður einstakra sveitarfélaga á Vesturlandi verður greindur með sama hætti og undir lið 1: Hvernig hann breyttist fyrsta heila árið með Covid-19 í samanburði við þrjú undangengin ár (2017-2019). Meðalkostnaður þessarar skýrslu er eingöngu samtala meðalkostnaðar málaflokkanna ellefu. Meðalkostnaður er heildarkostnaður deilt með fjölda íbúa.
4. Einnig verður skoðað hvernig meðalkostnaður einstakra sveitarfélaga á Vesturlandi hefur þróast eftir hagsveiflunni hérlandis á 21. öldinni líkt og í lið 2.
5. Næst verður greining framkvæmd fyrir meðalkostnað einstakra málaflokka með sama hætti og í undir lið 3.
6. Þá verður unnin fráviksgreining fyrir hvert sveitarfélag á Vesturlandi. Valin verða sveitarfélög til viðmiðunar og verður frávik viðkomandi sveitarfélags fyrir árið 2020 reiknað og túlkað.
7. Að lokum verður gerð fráviksgreining fyrir viðkomandi sveitarfélag, sambærileg þeirri á undan, nema fyrir lengra tímabil eða árin 2015-2020. Þetta tímabil er valið til þess að ná utan um gengi tveggja kjörtímabila eða það sem næst af þeim. Þó kosið hafi verið 2014 var 2015 fyrsta kostnaðaráætlunin sem meirihluti fyrra kjörtímabilsins samþykkti. Síðan eru til gögn yfir tvö ár núverandi meirihluta, 2019 og 2020. Fráviksgreining fyrir 2019 er að finna í viðauka.
8. Vægi málaflokka í heildarkostnaði einstakra sveitarfélaga verður síðan að finna í viðauka ef lesendur vilja kynna sér það. Almennt má segja að fræðslumálin séu fyrirferðamest í heildarkostnaði sveitarfélaga, svo félagsþjónusta, þá íþrótta- og æskulýðsmál og svo sameiginlegur kostnaður. Þessu er þó ekki alltaf svo farið og vægið mismunandi á milli sveitarfélaga. Þess vegna var ákveðið að birta þetta nákvæmlega fyrir hvert sveitarfélag á Vesturlandi og það sett í viðauka sem stoðefni við meginefni þessa hagvísis.

3.1 HEILDAR- OG MEÐALKOSTNAÐUR OG HAGSVEIFLAN

Þrennskonar greiningar verða framkvæmdar til að draga fram þróun heildarkostnaðar einstakra sveitarfélaga á Vesturlandi í kjölfar hagsveiflna. Fyrst verður gerð einföld samanburðargreining þannig að samanlagður heildarkostnaður árið 2020 verður reiknaður sem hlutfall af samanlögðum heildarkostnaði 2017-2019 eða,

$$\frac{(HK_{2020} - HK_{2017-2019})}{HK_{2017-2019}}$$

Á þessu sést hvernig kostnaðurinn á fyrsta heila Covid-19 kreppuárinu hefur breyst; hækkað, lækkað eða staðið í stað.

Síðan verður gerð samskonar greining fyrir meðalkostnað ásamt meðalkostnaði allra málaflokkana. Meðalkostnaður er heildarkostnaður deilt með íbúafjölda. Hann er heppilegri til samanburðar á milli sveitarfélaga og eins innan þess frá ári til árs vegna þess að fjöldi íbúa hefur mikið um kostnað sveitarfélaga að gera.

Í þriðja lagi verður metinn svokallaður teygnistuðull á milli hagvaxtar á landinu öllu og heildarkostnaðar. Hann skilar hlutfallslegri fylgni á milli heildarkostnaðar einstakra sveitarfélaga og hagvexti á landinu öllu. Það gefur vísendingar fyrir því hvernig og/eða hvort sveitarfélög geta brugðist við sveiflum í hagvexti. Teygnistuðullinn er fundinn með mati á eftirfarandi aðhvarfsgreiningarlíkani:

$$\ln HK_t = \ln \alpha + \ln vlf_t + \varepsilon_t$$

Þar sem náttúrulegi lógaritminn af heildarkostnaði, HK , á hverju ári, t , er fall af náttúrulega lógaritma af vergri landsframleiðslu, vlf , á viðkomandi ári, t .¹

3.2 FRÁVIKSGREINING MÁLAFLOKKA

Heildarkostnaði sveitarfélaga er skipt upp í málaflokka eins og áður sagði. Þessi hluti greingarinnar mun hverfast um þá. Ekki mun kostnaðurinn verða birtur eftir málaflokkum í krónum talið heldur sem hlutfallslegt frávik frá samanburðarsveitarfélögum viðkomandi sveitarfélaga. Hlutfallslegt frávik hvers málaflokks var fundið með því að draga kostnað viðmiðunarsveitarfélaga viðkomandi sveitarfélags frá kostnaði sveitarfélagsins í sama málaflokki. Síðan var kostnaði viðmiðunarsveitarfélaga viðkomandi sveitarfélags deilt upp í þá tölu. Útreikningana má setja fram með hjálp algebru á eftirfarandi hátt:

$$f_n = \frac{k_n - (\sum_{i=1}^4 k_{in})/4}{|(\sum_{i=1}^4 k_{in})/4|}$$

Hlutfallslegt frávik, f_n , fyrir sveitarfélag, n , er jafnt kostnaði sveitarfélags, k , að frádregnu meðaltali kostnaðar viðmiðunarsveitarfélaganna viðkomandi sveitarfélags, $(\sum_{i=1}^4 k_{in})/4$. Síðan er tölugildi seinni tölunnar deilt upp í frávik til að fá hlutfallslegt frávik. Í jöfnunni er gert ráð fyrir að viðmiðunarsveitarfélögin séu fjögur en það getur verið breytilegt og tekur formúlan þá breytingum í

¹ Metinn fasti er α og leifaliðurinn er ε .

samræmi við það. Svo var unnið samskonar frávík fyrir sex ára tímabil, árin 2015-2020. Formlega má setja hana svona fram:

$$\bar{f}_{tn} = \left(\frac{\sum_{t=1}^6 \bar{k}_{tn}}{6} - \frac{\sum_{t=1}^6 \sum_{i=1}^4 \bar{k}_{tin}}{24} \right) / \left| \frac{\sum_{t=1}^6 \sum_{i=1}^4 \bar{k}_{tin}}{24} \right|$$

Þar sem hlutfallslega frávikið, \bar{f}_{tn} , fyrir sveitarfélag, n , er jafnt sex ára meðaltali kennitölu viðkomandi sveitarfélags að frádregnu tilsvandi meðaltali viðmiðunarsveitarfélaganna, deilt með tölugildi seinni liðarins.

Gögnin voru sótt í Árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga í töflu 8 (*Árbók sveitarfélaga 2015*, 2015) og tilsvandi töflum árbóka hinna árana.

Túlkun: Ef markmið sveitarfélagsins er að halda kostnaði niðri þá er æskilegt að frávikin séu neikvæð. Haldið er í þá túlkun hér í þessum Hagvísi. Ef markmiðið er að veita mikla þjónustu með ríflegum fjárveitingum þá er æskilegt að frávikið sé jákvætt.

3.3 VIÐMIÐUNARSVEITARFÉLÖGIN

Viðmiðunarsveitarfélög voru valin fyrir hvert sveitarfélag á Vesturlandi við gerð fjárhagsvísa fyrir þremur árum síðan og voru birt í Hagvísi (Vifill Karlsson, 2018). Í flestum tilvikum hafði hvert sveitarfélag einstakan hóp viðmiðunarsveitarfélaga sem finna má í næstu töflu (Tafla 1).

Tafla 1: Viðmiðunarsveitarfélög 2018.

Upplýsingar SSV.

Sveitarfélag	Viðmiðunarsveitarfélög
Akraneskaupstaður	Mosfellsbær (1604), Fjarðabyggð (7300), Vestmannaeyjabær (8000) og Sveitarfélagið Árborg (8200).
Hvalfjarðarsveit	Sveitarfélagið Skagaströnd (5609), Langanesbyggð (6709), Bláskógabyggð (8721), Skaftárhreppur (8509) og Hrunamannahreppur (8710).
Skorradalshreppur	Engin.
Borgarbyggð	Grindavíkurbær (2300), Ísafjarðarbær (4200), Sveitarfélagið Skagafjörður (5200), Norðurþing (6100) og Fljótsdalshérað (7620).
Grundarfjarðarbær	Bolungarvíkurkaupstaður (4100) og Blönduósbær (5604), Seyðisfjarðarkaupstaður (7000) og Vopnafjarðarhreppur (7502).
Helgafellssveit	Árneshreppur (4901), Svalbarðshreppur (6706), Tjörneshreppur (6611) og Fljótsdalshreppur (7505).
Stykkishólmsbær	Bolungarvíkurkaupstaður (4100), Húnaþing vestra (5508), Sveitarfélagið Hornafjörður (7708) og Vesturbyggð (4607).
Eyja- og Miklaholtshr.	Súðavíkurhreppur (4803), Kaldrananeshreppur (4902), Skagabyggð (5611), Borgarfjarðarhreppur (7509) og Breiðdalshreppur (7613).
Snæfellsbær	Sandgerðisbær (2503), Fjallabyggð (6250), Dalvíkurbyggð (6400) og Sveitarfélagið Ölfus (8717).
Dalabyggð	Hörgársveit (6515), Þingeyjarsveit (6612), Mýrdalshreppur (8508), Skeiða- og Gnúpverjahreppur (8720) og Flóahreppur (8722).

Viðmiðunarsveitarfélögin þurftu að vera sem líkust viðkomandi sveitarfélögum. Erfitt var að finna þau ef horft var til margra þátta samtímis en einkum var horft til íbúafjölda, uppbyggingar atvinnulífs og fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu. Ekki tókst alltaf vel til í vali á viðmiðunarsveitarfélögum en þó var

betra að hafa nokkur saman en mjög fá eða engin. Upphaflegur listi yfir viðmiðunarsveitarfélög var sendur framkvæmdarstjórum viðkomandi sveitarfélaga 2018 en fáar athugasemdir voru gerðar og var tekið tillit til þeirra allra.

Í Hagvísi 2020 um fjármál sveitarfélaga (Vífill Karlsson, 2020) þóttu ofangreind samanburðarsveitarfélög ekki heppileg m.a. vegna þess að þá voru tekjur sveitarfélaga til skoðunar en ekki kostnaður. Önnur lög má virðast geta gilt þegar tekjur sveitarfélaga eru bornar saman en kostnaður. Atvinnugreinar skipta m.a. meira máli þegar tekjur eru skoðaðar. Sem dæmi um það er líklegra að hlutur sjávarútvegs og landbúnaðar hafi meiri áhrif á tekjur sveitarfélaga en kostnað. Ef vægi sjávarútvegs er mikið hefur það haft tilhneigingu til að hækka tekjur þeirra en ekki auðvelt að færa rök fyrir því að kostnaður breyttist við það.

Í þessum Hagvísi byggjum við því á fyrri flokkun með nokkrum breytingum. Grindavíkurbær er ekki til viðmiðunar í Borgarbyggð vegna þess að hann var talinn of ólíkur meðal annars m.t.t. þess að þar er lítið dreifbýli. Breiðdalshreppur var felldur út úr viðmiðunarhópnum fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp og Sandgerðisbær fyrir Snæfellsbæ vegna sameiningar sveitarfélaga.

Tafla 2: Viðmiðunarsveitarfélög 2021.

Upplýsingar SSV.

Sveitarfélag	Viðmiðunarsveitarfélög
Akraneskaupstaður	Fjarðabyggð (7300), Mosfellsbær (1604), Sveitarfélagið Árborg (8200) og Vestmannaeyjabær (8000).
Hvalfjarðarsveit	Bláskógabyggð (8721), Hrunamannahreppur (8710), Langanesbyggð (6709), Skaftárhreppur (8509), og Sveitarfélagið Skagaströnd (5609).
Skorradalshreppur	Engin.
Borgarbyggð	Ísafjarðarbær (4200), Norðurþing (6100) og Sveitarfélagið Skagafjörður (5200).
Grundarfjarðarbær	Blönduós (5604), Bolungarvíkurkaupstaður (4100), Seyðisfjarðarkaupstaður (7000) og Vopnafjarðarhreppur (7502).
Helgafellssveit	Árneshreppur (4901), Fljótsdalshreppur (7505), Svalbarðshreppur (6706), Tjörneshreppur (6611).
Stykkishólmsbær	Bolungarvíkurkaupstaður (4100), Húnaþing vestra (5508), Sveitarfélagið Hornafjörður (7708) og Vesturbyggð (4607).
Eyja- og Miklaholtshr.	Borgarfjarðarhreppur (7509), Kaldrananeshreppur (4902), Skagabyggð (5611) og Súðavíkurhreppur (4803).
Snæfellsbær	Dalvíkurbyggð (6400), Fjallabyggð (6250) og Sveitarfélagið Ölfus (8717).
Dalabyggð	Flóahreppur (8722), Hörgársveit (6515), Mýrdalshreppur (8508), Skeiða- og Gnúpverjahreppur (8720) og Þingeyjarsveit (6612).

Fyrir nokkrum árum voru samanburðarsveitarfélög tekin saman fyrir landið allt vegna samanburðar á útsvarstekjum þeirra. Að þessari flokkun stóðu ásamt skýrsluhöfundum, Sigurður Snævarr hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigurður Árnason hjá Bygðastofnun, Þórður Sigurðurson og Hrafn Sævaldsson báðir frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Niðurstöðu þeirrar vinnu er að finna í viðauka.


4 UM KOSTNAÐ SVEITARFÉLAGA

4.1 HEILDARKOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGA EFTIR STÆRÐARFLOKKUM

Heildarkostnaði sveitarfélaga má skipta upp í breytilegan og fastan kostnað þegar fjöldi íbúa er skilgreindur sem eini áhrifaþáttur hans.

$$HK(x) = FK + BKx$$

Fasti kostnaðurinn breytist ekki þó íbúum fjölgi en það gerir sá breytilegi – samkvæmt orðanna hljóðan. Dæmi um breytilegan kostnað hjá sveitarfélögum er sorp förgun þar sem þau borga ákveðna upphæð á hvert kíló. Fæðiskostnaður í mótuneyti grunn- og leikskóla getur verið dæmi um það líka.



Mynd 1: Heildarkostnaður sveitarfélaga árið 2020 án Reykjavíkur.

Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Launakostnaður kennara við skóla sveitarfélagsins eru það að nokkru leyti og má kalla stökkbreytilegan kostnað því ekki þarf að ráða nýtt fólk þar þó fjölgi ef fáir nemendur eru í hverjum árgangi eða færri nemendur en 20, 40 eða 60 þar sem margir hafa horft til þess að hafa helst ekki fleiri en 20 nemendur í hverjum bekk. Mun færri börn eru þó skilgreind sem hámark eða æskilegur fjöldi á hvern leikskólakennara í leikskólum og launakostnaður þeirra því mun nær því að vera breytilegur kostnaður (eða stökkbreytilegur með tíðari breytingum).

Allur kostnaður tengdur byggingum er hins vegar fastur – en upp að vissu marki. En jafnvel sá kostnaður getur tekið breytingum, enda er allur kostnaður breytilegur eða getur fallið niður samkvæmt kenningum


hagfræðinnar ef horft til nógu langs tíma (Perloff, 2008, bls. 214). Fasteignir hafa sinn endingartíma. Viðhald þeirra endist bara visst lengi. Ef endingartími fasteignar er 40 ár þá er kostnaður við þær breytilegur ef við horfum til 40 ára. Þá getur sveitarfélagið sleppt því byggja nýtt í stað afskrifaðrar byggingar og þar með lækkað sinn fasta kostnað. A.m.k. ef byggingin er ekki nauðsynleg til að halda uppi lögboðinni þjónustu eins og grunnskóla.

Heildarkostnaður hækkar því eftir því sem íbúunum fjölgar. Fyrir gott matslíkan má finna út hver heildarkostnaður sveitarfélags ætti að verða ef íbúar eru af tilteknum fjölda, x_0 (Mynd 1). Einnig hver kostnaðurinn yrði ef fjöldi íbúa breytist úr x_0 í x_1 .

Samkvæmt myndinni er kostnaðarlíkan sveitarfélaga án Reykjavíkur (Mynd 1):

$$HK(x) = 307.428 + 978,5x$$

Tölurnar eru í þúsundum króna. Samkvæmt þessu er fasti kostnaður sveitarfélaga rúmar 307 m.kr. og hver íbúi sem flytur í sveitarfélagið hækkar kostnað þeirra um 978,5 þ.kr. Á móti koma svo tekjur til sveitarfélaga í formi útsvars, fasteignaskatta, jöfnunarsjóðsframlags og þjónustutekna. Tekjur eru hins vegar ekki til umfjöllunar hér.



Mynd 2: Heildarkostnaður fámennra og fjölmennta sveitarfélaga án Reykjavíkur árið 2020.

Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Erfitt er að ímynda sér að þessi fasti kostnaður eigi við um öll sveitarfélög og jafnvel sá breytileg einnig þar sem vitað er að heildarkostnaður² Skorradalshrepps, með 66 íbúa, var 166 þ.kr. þetta ár og 857 þ.kr. í Hvalfjarðarsveit, með 647 íbúa. Þess vegna er full ástæða til að gera sérstaka greiningu fyrir fámenn sveitarfélög og aðra fyrir fjölmennt. Þegar það var gert og miðað við að mörkin á milli fámennra og fjölmennta væru 1.000 íbúar kom í ljós að fastur kostnaður lækkaði úr 307 niður í 16 m.kr. en hver íbúi kostaði 1.300 þ.kr. í tilfelli fámennra sveitarfélaga. Á þessu sést að fasti kostnaðurinn lækkar mikið frá


² Í þessu tilviki heildarkostnaður án fjármagns- og óreglulegra liða.

Því sem áður var en passar ekki vel við svo fámennt sveitarfélag eins og Skorradalshrepp og greinilega ekki Hvalfjarðarsveit heldur. Það þarf því að þróa þessa líkön áfram.

Þess skal getið að heildarkostnaður var borinn saman við heildarkostnað árin 2017-2019 (að jafnaði). Í ljós kom að hann hafði hækkað að raungildi um 13%. Heildarkostnaður var þá eingöngu reiknaður sem samtala heildarkostnaðar allra málaflokka sveitarfélaga. Síðan var þessi reikniðgerð endurtekin fyrir meðalkostnað og þá kom í ljós að hann hækkaði um 9% að raungildi árið 2020 frá árunum 2017-2019 að jafnaði. Meðalkostnaður er heildarkostnaður deilt með fjölda íbúa.

4.2 KOSTNAÐUR VIÐ EINSTAKA MÁLAFLOKKA SVEITARFÉLAGA


Kostnaði sveitarfélaga er gjarnan skipt upp í 12 málaflokka. Fræðslu- og uppeldismál er kostnaðarsamasti málaflokkur sveitarfélaga og nam um 182 ma.kr. árið 2020 (Mynd 3). Næstur á eftir er félagsþjónusta sem kostaði 79 ma.kr. eða 43% af kostnaði fræðslu- og uppeldismála.



Mynd 3: Kostnaður sveitarfélaga eftir málaflokkum, hlutfallsleg skipting hans 2020

Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fræðslu og uppeldismál námu um 46% af rekstrarkostnaði sveitarfélaga árið 2020, félagsþjónustan 20% og æskulýðs- og íþróttamál 11%, Sameiginlegur kostnaður sem er eiginlega yfirstjórn eins og t.d. rekstur bæjarskrifstofu og fleira þess háttar er 7% af rekstrarkostnaði sveitarfélaga (Mynd 3). Þessir fjórir málaflokkar nema um 85% af öllum kostnaði sveitarfélaga.



Mynd 4: Meðalkostnaður allra sveitarfélaga eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

Ef við skoðum hvernig meðalkostnaður hefur þróast hjá öllum sveitarfélögum á landinu árið 2020 í samanburði við þrjú undangengin ár, líkt og gert verður fyrir sveitarfélög á Vesturlandi seinna í þessu riti, þá sést að hann hækkaði í öllum tilvikum (Mynd 4). Sum staðar hverfandi lítið eins og í tilfelli heilbrigðismála en sum staðar mikið eins og er varðar umhverfismál þar sem aukningin var 43%. Hlutfallslega hækkaði kostnaður síðan næst mest í atvinnumálum og félagsþjónustan fylgdi þar á eftir í þriðja sæti með 20%. Í krónum talið munar lítið um hækkunina í umhverfismálum og atvinnumálum þar sem umhverfismál telja bara 1,9% af heildinni og atvinnumál 0,7%. Félagsþjónustan telur hins vegar um 20% af heildinni og því munar mjög mikið um þá hækkun á milli ára.

5 GREINING


5.1 HEILDARKOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGA FYRIR OG Í COVID 19

Heildarkostnaður sveitarfélaga á Vesturlandi hækkaði á fyrsta Covid árinu í öllum tilvikum nema einu. Hækkunin var 14% á Akranesi ef borið er saman meðaltal þriggja árána næst á undan, árin 2017-2019 (Tafla 3). Þetta var nú reyndar mjög breytilegt eftir sveitarfélögum. Hækkunin var hæst í Skorradalshreppi um 53%, minnst 1% í Hvalfjarðarsveit og Dalabyggð en heildarkostnaður lækkaði Stykkishólmsbæ um 2%.

Tafla 3: Heildarkostnaður sveitarfélaga tvö ár fyrir Covid og á meðan faraldurinn stóð ásamt teygni.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga.


Sveitarfélög	2017-2019	2020	Breyting	Teygni
Akranes	6,491,532,997	7,429,318,366	14%	1,67
Skorradalshreppur	109,916,460	168,676,545	53%	3,72
Hvalfjarðarsveit	974,140,478	982,059,855	1%	1,94
Borgarbyggð	3,842,791,758	4,141,612,309	8%	1,56
Grundarfjarðarbær	946,133,398	1,015,474,879	7%	1,20
Helgafellssveit	49,737,631	55,790,000	12%	1,69
Stykkishólmsbær	1,418,064,000	1,396,759,149	-2%	1,52
Eyja- og Miklaholtshreppur	151,046,168	163,550,000	8%	1,73
Snæfellsbær	1,794,413,402	1,928,972,530	7%	1,29
Dalabyggð	822,950,250	834,976,575	1%	1,37



Mynd 5: Heildarkostnaður Hvalfjarðarsveitar og Grundarfjarðarbæjar og VLF árin 2004-2020.

Gögn Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga árin 2004-2020. Tölur á verðlagi ársins 2020

Metinn var teygni á milli vergrar landsframleiðslu og heildarkostnaðar sveitarfélaga árin 2004-2020. Í ljós kom að fylgnin var jákvæð og marktæk. Það bendir til að heildarkostnaður sveitarfélaga sveiflast í takti við hagsveifluna í landinu. Í hagvexti hækka kostnaður sveitarfélaga og lækkar á samdráttarskeiðum. Teygnistuðlarnir voru allir hærri en 1. Það þýðir að sveiflur heildarkostnaðarins eru hlutfallslega kröftugri en hagvöxturinn. Mestar eru þær hjá Skorradalshreppi og Hvalfjarðarsveit en minnstar hjá Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ.



Mynd 6: Heildarkostnaður sveitarfélaga og ríkissjóðs árin 1998-2020.

Gögn Hagstofu Íslands árin 1998-2020. Tölur á verðlagi ársins 2020

Tökum dæmi til útskýringar. Ef við berum saman Grundarfjarðarbæ og Hvalfjarðarsveit þá sjáum við að þegar verg landsframleiðsla var um 2.200 ma.kr. var heildarkostnaður Hvalfjarðarsveitar rúmlega 400 m.kr. en rúmlega 600 m.kr. í Grundarfjarðarbæ. Þegar verg landsframleiðsla var í rúmlega 3.200 ma.kr. þá var heildarkostnaður beggja sveitarfélaga í 1 ma.kr. Samkvæmt þessu er sveiflan því hlutfallslega meiri í Hvalfjarðarsveit en Grundarfjarðarbæ ef marka má reynslu þessara ára. Svo geta verið fleiri áhrifaþættir að verki þarna samtímis eins og uppbygging á Grundartanga sem gerir sveitarfélaginu kleift að auka útgjöld sín.

Tafla 4: Meðalkostnaður sveitarfélaga tvö ár fyrir Covid og á meðan faraldurinn stóð ásamt teygni.

Byggt á tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélög	2017-2019	2020	Breyting	Teygni
Akranes	895,897	965,223	8%	1,14
Skorradalshreppur	1,895,111	2,555,705	35%	3,71
Hvalfjarðarsveit	1,520,341	1,517,867	0%	1,70
Borgarbyggð	1,026,507	1,102,079	7%	1,33
Grundarfjarðarbær	1,086,500	1,178,045	8%	1,39
Helgafellssveit	828,465	845,303	2%	1,45
Stykkishólmsbær	1,199,588	1,167,859	-3%	1,35
Eyja- og Miklaholtshreppur	1,236,380	1,374,370	11%	2,22
Snæfellsbær	1,089,613	1,148,882	5%	1,44
Dalabyggð	1,226,457	1,346,736	10%	1,53

Þá gæti fólksfjölgun útskýrt hluta af þessum mismun. Þess vegna endurtókum við útreikningana á meðalkostnaði³. Þá kom í ljós að Hvalfjarðarsveit lækkar (úr 1,90 í 1,70) og Grundarfjarðarbær hækkar (úr 1,20 í 1,39). Það er því minni munur á kostnaðarsveiflum sveitarfélaganna vegna VLF þegar tekið hefur verið tillit til þess sem rekja má til íbúabróunar. Íbúabróun útskýrir því hluta af þessum sveiflum, fjölgun í Hvalfjarðarsveit og fækkun í Grundarfjarðarbæ. Þetta þarfnast því frekari rannsóknar en gefur samt einhverjar vísbendingar.

Takið líka eftir því að kostnaðarhækkunin á Covid-árinu er lægri á Akranesi, Snæfellsbæ, Skorradalshreppi og Helgafellssveit þegar meðalkostnaður er notaður en hærri í Dalabyggð, Eyja- og Miklholtshreppi (Tafla 4).


Einnig sést að minni munur er á milli teygnistuðlanna en þegar heildarkostnaður var notaður. Lægsta gildið er nú 1,33 en var 1,20 og hæsta gildið í yfir 100 íbúa sveitarfélögum er 1,70 en var 1,90 áður. Athygli vekur samt að þeir eru allir hærri en 1 þannig að kostnaðurinn sveiflast ennþá meira heldur en hagsveiflan en fylgir henni samt upp og niður.

³ Meðalkostnaður er heildarkostnaður deilt með íbúafjölda.

5.2 AKRANESKAUPSTAÐUR

Meðalkostnaður hækkaði hjá Akraneskaupstað um 8% á árinu 2020 borið saman við árin 2017-2020 (Tafla 4). Þegar hann var brotinn upp eftir málaflokkum hækkaði hann í þeim öllum nema þremur en það voru málaflokkarnir skipulags- og byggingarmál, menningarmál og hreinlætismál. Flestir aðrir málaflokkar jukust um meira en 10% en atvinnu- og umhverfismál mest eða um 44%. Það er t.d. athyglisvert að skipulagsmálin lækki þar sem mikið hefur verið í gangi í uppbyggingu nýrra íbúðar og iðnaðarhverfa á Akranesi.

Þetta þarf samt allt að skoða m.t.t. umfangs málaflokkanna í heildarkostnaði. Þar eru fræðslumálin efst á blaði með 45,8%, þá félagsþjónustan með 19% og æskulýðs- og íþróttamál 14,4% (Mynd 34). Allir þessir málaflokkar hækkuðu árið 2020 í þessum samanburði.



Mynd 7: Meðalkostnaður Akraneskaupstaðar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.


Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

Þegar kostnaður Akraneskaupstaðar var borinn saman við sambærileg sveitarfélög eftir málaflokkum fyrir árið 2020 kom í ljós að hann var allsstaðar lægri nema í félagsþjónustu þar sem hann var 10% hærri (Mynd 8). Kostnaðurinn var yfirleitt töluvert lægri en hjá viðmiðunarsveitarfélögunum oft rúmlega 30%, mest 56% en minnst 7%. Það munar t.d. mikið um 18% lægri kostnað vegna fræðslu- og uppeldismála sem eru yfirleitt helmingur kostnaðar sveitarfélaga og stundum meira. Einnig munar um 15% lægri kostnað til æskulýðs- og íþróttamála en það er þriðji dýrasti málaflokkur sveitarfélaga en félagsþjónusta er annar dýrasti málaflokkurinn.

Þessi mynd breytist ekki mikið þó lengt sé verulega í tímabilinu og miðað við árin 2015-2020 (Mynd 9). Það er helst að heilbrigðismálin eru töluvert lægri. Þannig að þessi árangur⁴ Akraneskaupstaðar er stöðugur og viðvarandi. Ef við skoðum þrjá dýrustu málaflokkana eins og áðan þá sjáum við að fræðslumálin eru til lengri tíma litið 15% lægri en ekki 18% eins og þegar bara var horft til ársins 2020


⁴ Hér er gert ráð fyrir að betra sé að reka sitt sveitarfélag með lægri tilkostnaði en aðrir. Þarna getur verið munur á afstöðu fólks.

en æskulýðs- og íþróttamál fá hins vegar enn hagstæðari samanburð en fyrir árið 2020 þar sem Akraneskaupstaður var 22% lægri í stað 15%. Þetta er athyglisverð niðurstaða þar sem að í nýlegri greiningu kemur fram að íbúarnir tala mikið um hvað Akranes sé barnvænt samfélag og fjölskylduvænt. Á móti kom félagsþjónustan ver út til lengri tíma þar sem hún var 13% hærri í stað 10% árið 2020.



Mynd 8: Kostnaðarfrávik Akraneskaupstaðar eftir málaflokkum 2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi. Meðalkostnaður.




Mynd 9: Kostnaðarfrávik Akraneskaupstaðar eftir málaflokkum 2015-2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

5.3 HVALFJARÐARSVEIT

Meðalkostnaður í Hvalfjarðarsveit breyttist ekkert árið 2020 þegar hann var borinn saman við meðaltal árána 2017-2019. Breytingar voru hins vegar innan málaflökkanna. Meðalkostnaður hækkaði mest um 93% í æskulýðs- og íþróttamálum árið 2020 borið saman við þriðju undangengin ár (Mynd 10). Næst mesta hækkunin, 48%, var í skipulagsmálum. Annars var hækkunin mun vægari í bruna-, atvinnu-, hreinlætismálum og félagsþjónustu. Hins vegar lækkaði kostnaður í fimm málaflökkum og m.a. um 10% í fræðslu- og uppeldismálum sem er mikið m.v. vægi hans í heildarkostnaði (Mynd 35). Þá lækkaði sameiginlegur kostnaður um 5% sem er annar fyrirferðarmesti málaflökkurinn í heildarkostnaði en félagsþjónusta hækkaði um 2%, skipulags- og byggingarmál um 48% og æskulýðs- og íþróttamál um 93% eins og áður sagði en þeir eru þriðju og fjórðu og fimmtu fyrirferðarmestu málaflökkarnir.



Mynd 10: Meðalkostnaður Hvalfjarðarsveitar eftir málaflökkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.


Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

Nokkrar skýringar bárust frá forsvarsmönnum sveitarfélagsins varðandi þessa greiningu. Bent var á að rekstur íþróttamiðstöðvarinnar Heiðarborgar varð færður árið 2020 af málaflökki 04, fræðslu- og uppeldismál yfir á málaflökk 06, æskulýðs- og íþróttamál en sú breyting telur rúmar 21 m.kr. Þá fór vinna við endurskoðun aðalskipulags af stað árið 2019 en kostnaður árið 2020 var tvöfaldur á við árið 2019.

Samanburður við önnur sveitarfélög leiddi í ljós að Hvalfjarðarsveit er miklu hærri er varðar skipulagsmál sérstaklega (Mynd 11). Það er á margan hátt skiljanlegt þar sem Grundartangasvæðið er óvenju stórt atvinnusvæði m.v. stærð sveitarfélagsins. Þá kom hluti af skýringunni fram hér á undan. Þá eru atvinnumál, félagsþjónusta, fræðslumál og sameiginlegur kostnaður óvenju há í þessum samanburði. Á móti eru æskulýðs- og íþróttamál mikið lægri ásamt fjórum öðrum fyrirferðarminni málaflökkum.


Samanburður við lengra tímabil dró upp svipaða mynd (Mynd 12). Þá var Hvalfjarðarsveit borin saman við viðmiðunarsveitarfélög sín árin 2015-2020 í stað eins árs. Það er samt athyglisvert að sjá fræðslumálin hækka verulega þar eða úr því að vera 14% hærri en viðmiðunarsveitarfélögin í að vera 34% hærri. Félagsþjónustan breyttist ekkert í þessari mynd en æskulýðs- og íþróttamál lækkuðu mikið þegar

Þau fóru úr því að vera -29% lægri en viðmiðunarsveitarfélögin í það að vera -58%. Skipulagsmálin fóru hins vegar úr því að vera 238% hærrí í að vera 169% hærrí sem er eitthvað mildara frávík en samt mikið því annað eins frávík sést hvernigi í þessum samanburði við önnur sveitarfélög á Vesturlandi. Þetta er líka mikið því skipulagsmál telja stöðugt meira í heildarkostnaði sveitarfélaga. Sameiginlegur kostnaður varð líka hærrí þegar sveitarfélagið var borið saman við mörg sambærileg sveitarfélög yfir lengra tímabil og fór úr því að vera 33% hærrí í 38%.



Mynd 11: Kostnaðarfrávik Hvalfjarðarsveitar eftir málaflokkum 2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 12: Kostnaðarfrávik Hvalfjarðarsveitar eftir málaflokkum 2015-2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

5.4 BORGARBYGGÐ

Meðalkostnaður hækkaði um 7% árið 2020 m.v. þrjú undangengin ár (Tafla 4). Hann hækkaði í öllum málaflokkum nema félagsþjónustu (Mynd 13). Það er athyglisvert að félagsþjónusta lækki þar sem 2020 er kreppuár og búast hefði mátt við að sá kostnaður yrði hærri við þær aðstæður út af fjárhagsstöðu heimilanna. Þarna hefur lenging atvinnuleysistímabilsins sjálfsgagt hjálpað til og því má kannski búast við að þessi liður hækki á næsta ári eða því þarnaesta ef viðspyrna atvinnulífsins dregst eða verður e.t.v. hæg. Í þessu sambandi skal samt bent á að félagsþjónusta hækkaði bæði í Akraneskaupstað (Mynd 7), Hvalfjarðarsveit (Mynd 10) og á landsvísi (Mynd 4) í samskonar samanburði.




Mynd 13: Meðalkostnaður Borgarbyggðar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

Fræðslu og uppeldismálin hækkuðu um 7% sem er þó nokkuð m.v. svo stóran málaflokk þegar horft er til vægis hans í heildarkostnaði eða 54,5% (Mynd 37). Þá hækkaði kostnaður æskulýðs- og íþróttamála um 9%, sameiginlegur kostnaður um 24% og kostnaður umferðar- og samgöngumála um 9%. Tveir fyrrnefndu málaflokkarnir hafa annað og fjórða mesta vægið í heildarkostnaði (Mynd 37). Félagsþjónustan hefur þriðja mesta vægið í heildarkostnaði.


Samanburður við önnur sveitarfélög bendir til að skipulags- og byggingarmál séu óvenju þungur liður í Borgarbyggð ásamt fræðslu- og uppeldismálum (Mynd 14). Fyrri liðurinn var 103% hærri árið 2020 og sá seinni um 11%. Allir aðrir málaflokkar voru lægri og flestir töluvert lægri. Æskulýðs- og íþróttamál 19% lægri, félagsþjónusta 53% og sameiginlegur kostnaður 18%.

Þegar samanburðurinn var gerður til lengri tíma jókst munurinn í skipulagsmálum en lækkaði örlítið í fræðslumálum (Mynd 15). Munurinn á æskulýðs- og íþróttmálum breyttist hverfandi lítið en sameiginlegur kostnaður fór úr því að vera 18% lægri í 24% lægri. Félagsþjónusta fór úr því að vera 53% lægri í 35% lægri. Kostnaður við félagsþjónustu í Borgarbyggð hefur því verið töluvert lægri en sambærilegra sveitarfélaga til lengri tíma lítið (35%) en samt ekki eins mikill og árið 2020 (53%).



Mynd 14: Kostnaðarfrávik Borgarbyggðar eftir málaflokkum 2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 15: Kostnaðarfrávik Borgarbyggðar eftir málaflokkum 2015-2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

5.5 EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Í Eyja- og Miklaholtshreppi hækkaði meðalkostnaður um 11% árið 2020 borið saman við meðaltal árána 2017-2019 (Tafla 4). Hann hækkaði mest í skipulags- og byggingamálum um 74%, síðan 55% í heilbrigðismálum, 40% í félagsþjónustu, 30% í brunamálum og 15% í skólumálum. Takið samt eftir að skipulagsmál voru bara 4% af heildarkostnaði á íbúa en skólumálin 69,7% (Mynd 38) þannig að það munaði lang mest um þessi 15% í skólumálum. Skipulagsmálin hækkuðu heildarkostnað á íbúa um 3% en hækkunin í skólanum 10,5%.



Mynd 16: Meðalkostnaður Eyja- og Miklaholtshrepps eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.


Hins vegar lækkaði kostnaður í atvinnumálum um 64% og 53% í umferðar- og samgöngumálum. Sameiginlegur kostnaður lækkaði um 10%, umhverfismál um 8% og hreinlætismál um 5%. Þarna munaði mest um lækkunina í sameiginlegum kostnaði því hann vigtaði 11,5% í heildina á meðan atvinnu- og umferðarmál vigtuðu tæplega 1%.

Þegar kostnaður við málaflokkana var borinn saman við önnur sambærileg sveitarfélög árið 2020 kom í ljós að fræðslu- og uppeldismál voru 87% hærri hjá Eyja- og Miklaholtshreppi (Mynd 17). Það er mikið og sérstaklega mikið af því hann vigtaði svo mikið í heildina. Skipulags- og byggingarmál voru 73% hærri en málaflokkurinn taldi ekki eins mikið í heildina og skólumálin. Þá voru hreinlætismálin 18% hærri.

Allir aðrir málaflokkar voru ódýrari í rekstri en hjá viðmiðunarsveitarfélögunum. Þar munaði mest um atvinnumál, æskulýðs- og íþróttamál sem voru um og yfir 95% lægri. Þetta eru líka málaflokkar sem voru undir ½% af heildinni (Mynd 38). Aðrir málaflokkar voru á bilinu 16-65% lægri.


Í lokin var kostnaður málaflokkana borin saman við önnur sambærileg sveitarfélög yfir lengri tíma (Mynd 18). Áþekk mynd kom þá fram og þegar samanburðurinn náði til eins árs. Helsti munurinn fólst í því að skipulagsmálin voru nú 22% lægri í stað 73% hærri og fræðslu- og uppeldismálin 58% hærri í

stað 87%. Þarna sést að báðir þessir málaflokkar voru miklu dýrari í samanburði við önnur sveitarfélög 2020 en þegar horft er lengra aftur. Hins vegar var sameiginlegur kostnaður mun hagstæðari í þessum samanburði 2020 en yfir lengri tíma, 32% lægri en samanburðarsveitarfélögin 2020 en 22% árin 2015-2020.



Mynd 17: Kostnaðarfrávik Eyja- og Miklaholtshrepps eftir málaflokkum 2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 18: Kostnaðarfrávik Eyja- og Miklaholtshrepps eftir málaflokkum 2015-2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

5.6 GRUNDARFJARÐARBÆR

Meðalkostnaður Grundarfjarðarbæjar hækkaði um 8% árið 2020 borið saman við árin 2017-2019 (Tafla 4). Þegar hann var brotinn upp milli málaflokka kom í ljós að hækkunin var mest 28% í atvinnumálum, þá 24% í menningarmálum og 22% í skipulags- og byggingamálum (Mynd 19). Þarna munaði samt mest um hækkunina í fræðslu- og uppeldismálum upp á 12% því þau töldu 49,7% í heildina hjá Grundarfjarðarbæ (Mynd 39).



Mynd 19: Meðalkostnaður Grundarfjarðarbæjar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.


Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

Sameiginlegur kostnaður og kostnaður við brunamál lækkuðu í þessum samanburði og munaði þar meira um þann fyrri því hann taldi 12,9% í heildinni á meðan sá seinni taldi 2,3%.

Rekstur málaflokka Grundarfjarðarbæjar var borinn saman við sambærileg sveitarfélög fyrir árið 2020 (Mynd 20). Þrír þeirra voru dýrari hjá Grundarfjarðarbæ. Hlutfallslega var reksturinn dýrastur í atvinnumálum (159%), þá skipulags- og byggingarmálum (57%) auk umferðar- og samgöngumálum (53%).


Aðrir málaflokkar voru hagfelldari í rekstri, hlutfallslega mest í heilbrigðis- og hreinlætismálum, meira en 90% lægri kostnaður en líka mikið í fjórum öðrum málaflokkum, eða meira en 30% lægri. Þetta voru æskulýðs- og íþróttamál, umhverfismál, félagsþjónusta og brunamál. Kostnaður við fræðslu- og uppeldismálin var 5% lægri hjá Grundarfjarðarbæ en samanburðarsveitarfélögunum árið 2020 sem er athyglisvert í ljósi 12% hækkunar á milli árunna (Mynd 19).

Þegar þessi samanburður var tekinn yfir lengra tímabil breyttist niðurstaðan nokkuð. Atvinnumálin voru t.d. ekki lengur svona mikið hærri heldur 7% lægri. Ef einblínt er síðan á fimm fyrirferðarmestu málaflokkana í heildina (Mynd 39), þá fóru fræðslumálin úr því að vera 5% lægri í 2% hærri en hjá viðmiðunarsveitarfélögunum, sameiginlegur kostnaður úr því að vera 9% lægri í 6% lægri, félagsþjónusta úr -33% í -5%, æskulýðs- og íþróttamál óbreytt og umferðar- og samgöngumál úr 53% hærri í 89% hærri.



Mynd 20: Kostnaðarfrávik Grundarfjarðarbæjar eftir málaflokkum 2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 21: Kostnaðarfrávik Grundarfjarðarbæjar eftir málaflokkum 2015-2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

5.7 HELGAFELLSSVEIT

Í Helgafellssveit hækkaði meðalkostnaður um 2% árið 2020 borið saman við árin 2017-2019 (Tafla 4). Mest hækkaði kostnaðurinn í skipulags- og byggingamálum um 237% (Mynd 22). Sá málaflokkur var þriðji fyrirferðarmesti á heildina lítið (Mynd 40). Þá hækkuðu umhverfismál og heilbrigðismál nokkuð og umferðar- og samgöngumál ásamt fræðslumálum lítið eitt. Aðrir málaflokkar lækkuðu á bilinu 10-25%.




Mynd 22: Meðalkostnaður Helgafellssveitar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.


Meðalkostnaður Helgafellssveitar var borinn saman við nokkur sambærileg sveitarfélög fyrir árið 2020 (Mynd 23). Í ljós kom að hann var mikið hærri í æskulýðs- og íþróttarmálum (66%), skipulags og byggingarmálum (60%) og í fræðslu- og uppeldismálum (77%). Þeir málaflokkar voru meðal þeirra fjögurra sem vigta mest í heildina (Mynd 40). Kostnaðurinn var hins vegar mikið lægri varðandi aðra málaflokka eða á bilinu 43%-100%. Af þeim var vægi sameiginlegs kostnaðar mest í heildarkostnaði.

Þegar þessi samanburður var gerður yfir lengra tímabil voru það bara æskulýðs- og íþróttamál (83%) ásamt fræðslumálum (12%) sem voru hærri en hjá samanburðarsveitarfélögunum. Æskulýðsmálin hækkuðu því úr 66% í 83% við samanburð um lengri tíma en fræðslumálin fóru úr því að vera 77% lægri í 12% lægri. Skipulags- og byggingarmálin sem höfðu verið 60% hærri árið 2020 urðu 7% lægri við það að lengja samanburðartímabilið.



Mynd 23: Kostnaðarfrávik Helgafellssveitar eftir málaflokkum 2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 24: Kostnaðarfrávik Helgafellssveitar eftir málaflokkum 2015-2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

5.8 STYKKISHÓLMSBÆR

Meðalkostnaður lækkaði um 3% í Stykkishólmi árið 2020 þegar hann var borinn saman við árin 2017-2020 (Tafla 4). Mest lækkaði sameiginlegur kostnaður um 43% og svo félagsþjónusta um 36%. Einnig lækkuðu atvinnumál, brunamál og almannavarnir auk menningarmála. Hins vegar hækkuðu sjö mála-flokkar á milli ára, mest skipulags- og byggingarmál um 44%. Umhverfismál hækkuðu um 28% og umferðar- og samgöngumál um 26%. Aðrir málaflókkar hækkuðu hlutfallslega mun minna en fræðslu-mál hækkuðu um 6% og sá málaflókkur taldi rúmlega helming heildarkostnaðar (Mynd 41).




Mynd 25: Meðalkostnaður Stykkishólmsbæjar eftir málaflókkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

Kostnaður við málaflókka Stykkishólmsbæjar var síðan borinn saman við sambærileg sveitarfélög fyrir árið 2020 (Mynd 26). Í ljós kom að Stykkishólmsbær var hærri í atvinnumálum (68%), æskulýðs- og íþróttamálum (49%), menningarmálum (35%), fræðslumálum (7%) og umhverfismálum (2%). Hins vegar var hann mikið lægri í sjö málaflókkum eða á bilinu 21-81%. Í þeim flokki vóg sameiginlegur kostnaður þyngst í heildarkostnaði eða 8,8% og er þriðji fyrirferðarmesti málaflókkurinn reiknað á þennan hátt. Fyrirferðarmestur voru fræðslumál eins og áður sagði og svo komu æskulýðs- og íþróttarmál með 17,4% af heildarkostnaði. Fjórdi málaflókkurinn í röðinni voru menningarmál með 7,2% og félagsþjónusta fimmti 3,2%. Af þessum fimm fyrirferðamestu voru því tveir þeirra ódýrari en hjá viðmiðunarsveitarfélögum. Sameiginlegur kostnaður og félagsþjónustan sem voru 69% lægri.


Svona samanburður var endurtekinn fyrir lengra tímabil eins og hjá öðrum sveitarfélögum (Mynd 27). Þá breyttist myndin svolítið. Æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, fræðslumál og atvinnumál voru áfram dýrari hjá Stykkishólmsbæ en munurinn minnkaði yfirleitt töluvert nema hvað fræðslumálin snerti sem hækkuðu úr 7% í 8%. Kostnaður umhverfismála fór úr því að vera 2% hærri árið 2020 í að vera 13% lægri árin 2015-2020. Sameiginlegur kostnaður var 32% lægri 2020 en 15% hærri árin 2015-2020. Það gæti verið vísbending fyrir hagræðingu í stjórnsýslunni nýlega. Aðrir málaflókkar voru áfram lægri

hjá Stykkishólmsbæ og þeir sem juku forskot sitt við að horft var til lengra tímabils voru skipulags- og byggingarmál ásamt heilbrigðismálum.



Mynd 26: Kostnaðarfrávik Stykkishólmsbæjar eftir málaflokkum 2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 27: Kostnaðarfrávik Stykkishólmsbæjar eftir málaflokkum 2015-2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

5.9 SNÆFELLSBÆR

Meðalkostnaður Snæfellsbæjar hækkaði um 5% árið 2020 í samanburði við árin 2017-2019 (Tafla 4). Mest hækkaði hann í umhverfismálum um 109% (Mynd 28). Þess utan hækkuðu fimm aðrir málaflokkar. Það var sameiginlegur kostnaður (14%), brunna- og almannavarnir (9%), fræðslu- og uppeldismál (5%), hreinlætismál (3%) og æskulýðs- og íþróttamál (2%).



Mynd 28: Meðalkostnaður Snæfellsbæjar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.


Hins vegar lækkaði kostnaður í fimm málaflokkum (Mynd 28). Mest í atvinnumálum um 23% þá umferðar- og samgöngumálum 19%, skipulagsmálum 15% en miklu minna í menningarmálum og félagsþjónustu.

Eins og í flestum stórum og millistórum sveitarfélögum þá eru fræðslumál, æskulýðsmál, félagsþjónusta og sameiginlegur kostnaður stærstu málaflokkarnir þegar þeir eru reiknaðir sem hlutfall af heildarkostnaði og í Snæfellsnesbæ rúmlega 80% (Mynd 42). Allir þessir málaflokkar hækkuðu 2020 nema félagsþjónusta sem lækkaði um 1%.

Meðalkostnaður málaflokka Snæfellsbæjar var borinn saman við sambærileg sveitarfélög árið 2020 (Mynd 29). Í ljós kom að meðalkostnaðurinn var hærri hjá Snæfellsbæ í fimm málaflokkum og hæst, 69% í umhverfismálum sem rímar svo sem vel við þær miklu áherslur sem það hefur sett sér í þeim efnum. Annars var kostnaður við skipulagsmál og atvinnumál og sameiginlegur kostnaður á bilinu 13-15% hærri og kostnaður við fræðslumál 6%. Umferðar og heilbrigðismál voru hins vegar mikið lægri í þessum samanburði (82-90%), félagsþjónusta 35% og æskulýðs- og íþróttamál, hreinlætismál og brunamál á bilinu 16-20% lægri.


Þessi samanburður var endurtekinn og þá fyrir tímabilið 2015-2020 (Mynd 30). Það leiddi til svipaðrar niðurstöðu. Helsta breytingin var að umhverfismálin fóru úr því að vera mikið hærri hjá Snæfellsbæ en samanburðarsveitarfélögunum í það að vera lítið eitt lægri (1%). Skipulags- og atvinnumálin voru

áfram hærrí en hjá samanburðarsveitarfélögum en hækkuðu mikið. Þá var meðalkostnaður menningarmála Snæfellsbæjar áfram lægri en sá munur jókst nokkuð og fór úr 3% í 14%. Aðrir málaflokkar voru tiltölulega svipaðir.



Mynd 29: Kostnaðarfrávik Snæfellsbæjar eftir málaflokkum 2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 30: Kostnaðarfrávik Snæfellsbæjar eftir málaflokkum 2015-2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

5.10 DALABYGGÐ

Í Dalabyggð hækkaði meðalkostnaður um 10% árið 2020 þegar hann var borinn saman við árin 2017-2019 (Tafla 4). Mest hækkuðu skipulags og hreinlætismál, um og yfir 40% (Mynd 31). Þá hækkuðu fræðslumál um 12% og umferðar- og samgöngumál um 8%. Mest munaði um þessa hækkun í fræðslumálum þar sem þau voru 47,7% af heildarkostnaði sveitarfélagsins á meðan skipulagsmálin voru 6,7% (Mynd 43). Sameiginlegur kostnaður hækkaði um 4% og var næst umfangsmesti málaflokkur í heildarkostnaði. Menningar- og æskulýðsmál, þriðju og fjórðu fyrirferðamestu málflokkarnir í heildarkostnaði, stóðu í stað. Kostnaður við umhverfis og fræðslumál lækkuðu hins vegar um 10% á milli ára og atvinnumál um 8%.




Mynd 31: Meðalkostnaður Dalabyggðar eftir málaflokkum, breyting 2020 m.v. 2017-2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.


Kostnaður við málaflokka Dalabyggðar var borinn saman við önnur sambærileg sveitarfélög fyrir árið 2020 (Mynd 32). Samanburðurinn sýndi að kostnaður Dalabyggðar var hærri í átta málaflokkum og töluvert hærri í fimm þeirra. Munurinn var lang hæstur eða 158% í skipulags- og byggingarmálum. Þá komu umhverfis- og menningarmál næst á eftir með um eða yfir 80%. Kostnaður við heilbrigðismál, félagsþjónustu og umferðar- og samgöngumál var hins vegar mikið lægri í þessum samanburði. Fræðslu- og uppeldismál voru hins vegar bara 4% lægri en vigtuðu hins vegar mikið í heildarkostnaði eins og áður sagði.

Málaflokkarnir voru síðan aftur bornir saman á þennan hátt en að þessu sinni fyrir árin 2015-2020 (Mynd 33). Heilt yfir breyttist niðurstaðan ekki mikið við það. Frávik Dalabyggðar urðu eitthvað mildari í flestum tilvikum að undanskyldum umhverfismálum sem fóru úr að vera 81% hærri hjá Dalabyggð í samanburði við önnur sambærileg sveitarfélög árið 2020 í 93% í 2015-2020. Einnig fór sameiginlegur kostnaður úr því að vera 9% hærri árið 2020 í 18% árin 2015-2020 og brunamál og almannavarnir úr 9% í 20%. Þá fóru fræðslu- og uppeldismál Dalabyggðar úr því að vera 4% lægri en samanburðar-sveitarfélögin 2020 í 6% 2015-2020.



Mynd 32: Kostnaðarfrávik Dalabyggðar eftir málaflokkum 2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 33: Kostnaðarfrávik Dalabyggðar eftir málaflokkum 2015-2020.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.


6 VIÐAUKI

6.1 VÆGI MÁLAFLOKKA Í MEÐALKOSTNAÐI SVEITARFÉLAGA




Mynd 34: Vægi málaflokka í meðalkostnaði Akranesskaupstaðar 2020

Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.




Mynd 35: Vægi málaflokka í meðalkostnaði Hvalfjarðarsveitar 2020

Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.




Mynd 36: Vægi málaflokka í meðalkostnaði Skorradalshrepps 2020

Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.




Mynd 37: Vægi málaflokka í meðalkostnaði Borgarbyggðar 2020

Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.




Mynd 38: Vægi málaflokka í meðalkostnaði Eyja- og Miklaholtshrepps 2020

Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.




Mynd 39: Vægi málaflokka í meðalkostnaði Grundarfjarðarbæjar 2020

Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.




Mynd 40: Vægi málaflokka í meðalkostnaði Helgafellssveitar 2020

Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.




Mynd 41: Vægi málaflokka í meðalkostnaði Stykkishólmsbæjar 2020

Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Mynd 42: Vægi málaflokka í meðalkostnaði Snæfellsbæjar 2020


Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Mynd 43: Vægi málaflokka í meðalkostnaði Dalabyggðar 2020


Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

6.2 KOSTNAÐARFRÁVIK SVEITARFÉLAGA 2019




Mynd 44: Kostnaðarfrávik Akraneskaupstaðar eftir málaflokkum 2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 45: Kostnaðarfrávik Hvalfjarðarsveitar eftir málaflokkum 2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 46: Kostnaðarfrávik Borgarbyggðar eftir málaflokkum 2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 47: Kostnaðarfrávik Eyja- og Miklaholtshrepps eftir málaflokkum 2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 48: Kostnaðarfrávik Grundarfjarðarbæjar eftir málaflokkum 2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 49: Kostnaðarfrávik Helgafellssveitar eftir málaflokkum 2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.




Mynd 50: Kostnaðarfrávik Stykkishólmsbæjar eftir málaflokkum 2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.



Mynd 51: Kostnaðarfrávik Snæfellsbæjar eftir málaflokkum 2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.



Mynd 52: Kostnaðarfrávik Dalabyggðar eftir málaflokkum 2019.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

6.3 ÖNNUR VIÐMIÐUNARSVEITARFÉLÖG

Tafla 5: Viðmiðunarsveitarfélög þegar útsvarstekjur þeirra eru til skoðunar.

Upplýsingar SSV.

Fl.	Sveitarfélög	Fjöldi	Íbúar	Ráðandi atvinnugrein eða einkenni	Þéttbýli/strjálbýli
A	Akureyri, Reykjavík, Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær (1604) og Seltjarnarnes (1100)	A	>5.000	Stórkjarni (HBSV og Akureyri)	Þéttbýli
B	Akraneskaupstaður (3000), Árborg, Reykjanesbær, Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Vogar	6	1000-20000	Gervitungl A (héraðs-þjónustukjarnar og gervitungl)	Þéttbýli
C	Grindavíkurbær, Suðurnesjabær, Ísafjarðarbær, Fjarðabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Vestmannaeyjabær.	6	3000-5000	Sjávarútvegur o.fl.	Þéttbýli (og sveitir)
D	Borgarbyggð (3609), Norðurþing (6100), Fljótsdalshérað (7620) og Rangárþing ytra. Húnaþing vestra (5508) og Blönduósibær (5604)	6	1000-4000	Þjónusta, iðnaður, landbúnaður o.fl.	Þéttbýli (og sveitir)
E	Grundarfjarðarbær (3709), Bolungarvíkurkaupstaður (4100), Seyðisfjarðarkaupstaður (7000), Stykkishólmsbær (3711), Vesturbyggð (4607), Snæfellsbær (3714), Fjallabyggð (6250) og Dalvíkurbyggð (6400).	8	1000-4000	Sjávarútvegur og lítill landbúnaður	Þéttbýli
F	Kjósarhreppur, Eyjafjarðarsveit, Flóahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur	5	250-1000	Gervitungl B	Sveitir og lítið þéttbýli
G	Tálknafjarðarhreppur, Grýtubakkahreppur, Strandabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Djúpavogshreppur, Vopnafjarðarhreppur, Langanesbyggð, Borgarfjarðarhreppur, Kaldrananeshreppur og Súðavíkurhreppur.	10	<1000 íbúar	Sjávarútvegur og lítill landbúnaður	Þéttbýli og fámennar sveitir
H	Dalabyggð (3811), Þingeyjarsveit, Hrunamannahreppur (8710), Eyja- og Miklaholtshreppur (3713), Reykhólahreppur (4502) og Akrahreppur	12	<1000 íbúar	Landbúnaður	Sveitir

	(5706), Húnavatnshreppur, Helgafellssveit (3710), Árneshreppur (4901), Svalbarðshreppur (6706), Tjörneshreppur (6611) og Skagabyggð				
I	Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur (3511), Fljótsdalshreppur, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur (8720) og Grímsness- og Grafningshreppur.	6	<250 íbúar	Lukkupotta-sveitarfélög.	Sveitir
J	Mýrdalshreppur, Bláskógabyggð, Skútustaðahreppur, Hornafjörður (7708), Rangárþing eystra (8613) og Skaftárhreppur.	6	Blandað	Ferðaþjónusta	Blandað
	Samtals	65			

Skýrsluhöfundur setti saman lista yfir samanburðarsveitarfélög varðandi útsvarstekjur ásamt fleiri aðilum sem áður var getið í upphafi skýrslunnar. Taflan hér að ofan er afrakstur þeirrar vinnu. Nokkrar vangaveltur stóðu eftir þegar þessi vinna hafði verið unnin. Í flokki C er að finna Suðurnesjabæ. Hann gæti alveg eins átt heima í ferðaþjónustusveitarfélögunum út af flugvellið. Þó kannski ekki gagnvart útsvarinu heldur fasteignaskatti. Í útsvarslegu tilliti er nú sennilega B betri hugmynd.

Svo hefði alveg mátt einkenna sveitarfélög sem eru með óvenjulegan uppruna tekna sérstaklega. Það gæti verið vegna óvenju stórs vinnustaðar eða vinnustaðar með háar tekjur eða miklar fasteignir eins og álver í litlu sveitarfélagi eða mjög mikið af sumarhúsum. Þau sveitarfélög sem gætu fallið í þennan flokk eru: Ásahreppur, Bláskógabyggð, Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Grímsness- og Grafningshreppur, Húnavatnshreppur, Hvalfjarðarsveit, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Skorradalshreppur, Skútustaðahreppur, Suðurnesjabær og Þingeyjarsveit (Tafla 6).

Tafla 6: Nokkur sveitarfélög þar sem óvenju verðmætar fasteignir er að finna.

Sveitarfélag	Dæmi um óvenju verðmætar fasteignir
Ásahreppur	Virkjanir
Bláskógabyggð	Sumarhús
Fjarðabyggð	Reyðarál, Búðarárvirkjun
Fljótsdalshreppur	Kárahnjúkavirkjun
Grímsnes- og Grafningshreppur	Ljósafossvirkjun, Írafoss, Steingrímsstöð, Nesjavellir
Húnavatnshreppur	Blönduvirkjun
Hvalfjarðarsveit	Álver, járnblendir og fleira á Grundartanga
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Búrfellsvirkjun
Skorradalshreppur	Sumarhús
Skútustaðahreppur	Kröflusvæðið
Suðurnesjabær	Leifsstöð
Þingeyjarsveit	Þeistareykjavirkjun

HEIMILDASKRÁ

Árbók sveitarfélaga 2015. (2015). Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Perloff, J. M. (2008). *Microeconomics: Theory and Applications with Calculus*. Boston: Pearson Education Inc.

Vífill Karlsson. (2018). Fjármál sveitarfélaga. *Hagvísir Vesturlands*, 19(1), 1-20.

Vífill Karlsson. (2020). Fjármál sveitarfélaga: Atvinnuleysi og tekjur sveitarfélaga. *Hagvísir Vesturlands*, 20(2), 1-90.